

## 2 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Cabo Roig

Ref: P748

196.600€



**Tegund eignar :** Þakíbúð -  
Penthouse

**Bæjarfélag / Hverfi :** Cabo  
Roig

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 2

**Baðherbergi :** 1

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Sjávarútsýni

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð  
eignar :** 59.87 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 41.10 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 40

**Strönd :** 3

**Borg :** 7

**Golf :** 7

✓ Verönd  
✓ Loftkæling

✓ Þaksvalir

✓ Húsgögn fylgja með

Flott endursöluíbúð á efstu hæð í Cabo Roig.

Þakíbúðin sem er 59,87 m<sup>2</sup> á stærð er með 2 svefnherbergjum, 1 baðherbergi, flottu eldhúsi og stofu sem er gengið út á svalir og þaðan upp á þaksvalir íbúðinnar sem eru 41,40 m<sup>2</sup> á stærð með æðislegu útsýni í átt að sjó og snúa í suður.

Með eigninni fylgja falleg og vönduð húsgögn og innbú, loftkælingin er einnig ný og íbúðin er einstaklega leiguvæn enda á mjög vinsælu svæði.

Bílastæði í bílakjallara fylgir einnig með eigninni.

Staðsetningin er frábær en aðeins um 10 mínútur tekur að ganga á aðalströndina en hún hefur fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans sem og þar sem byggingin er stödd á vinsælustu götunni í Cabo Roig þá er mjög stutt lyftuferð niður í lífið og fjörið á Cabo Roig Strip, en þar er að finna ótrúlegt úrval af veitingastöðum, börum, matvöruverslunum og margt margt fleira

Skammt frá er á 18 holu golfvöllirnir Campoamor, Las Ramblas og Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallega útsýnisbari og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. á strandsvæði La Zenia, eða til Campoamor hverfisins. En það má segja að ekki sé meira en 15 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökuþjárlægð að heiman.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!